

Samþykktir (skipulagsskrá)
Taktur, endurhæfing Parkinsonsamtakanna.

Heiti:

1. gr.

Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess Taktur, endurhæfing Parkinsonsamtakanna ses. (hér eftir nefnt „Taktur“ eða „stofnunin“).

Heimilisfang:

2. gr.

Heimilisfang Takts er að Suðurgötu 41, 220 Hafnarfirði.

Tilgangur:

3. gr.

Markmið Takts er að veita endurhæfingu, fræðslu, ráðgjöf og stuðning fyrir fólk með parkinson og skylda sjúkdóma og aðstandendur þeirra. Ráðstafa skal fjármunum stofnunarinnar í samræmi við tilgang hennar og markmið.

Stofnendur:

4. gr.

Stofnandi Takts er:

<u>Nafn:</u>	<u>Kennitala</u>	<u>Heimilisfang</u>	<u>Fjárframlag</u>
Parkinsonsamtökin á Íslandi	461289-1779	Suðurgötu 41, 220 Hafnarfjörður	kr. 1.500.000

Stofnfé:

5. gr.

Stofnfé Takts er kr. 1.500.000, sem er framlag stofnanda.

Taktur ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og þeim eignum er Taktur kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í Takti tilheyra stofnendum hans.

Tekjur:

6. gr.

Tekjur Takts skulu vera:

- Framlög Sjúkratrygginga Íslands.
- Rekstrartekjur, þ.e. af þjónustu sem Taktur veitir.
- Styrkir, gjafir eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.
- Aðrar tekjur.

Tekjum Takts skal varið í samræmi við 3. gr. samþykpta þessa.

Stjórn:

7. gr.

Stjórn Takts skal skipuð þremur mönnum og einum varamanni. Fyrsta stjórn Takts skal kosin á stofnfundi. Formaður er skipaður til eins árs í senn. Annar stjórnarmaður skal vera skipaður

af stjórn Parkinsonsamtakanna til eins árs á fyrsta kjörtímabili en eftir það til tveggja ára í senn. Tveir stjórnarmenn skulu vera skipaðir til skiptis til tveggja ára í senn. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða.

Stjórnin skiptir með sér verkum þannig; formaður, varaformaður og ritari. Stjórnin stýrir málefnum Takts og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi Takts sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda Takts. Stjórn Takts getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á forstöðumaður.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem meðal annars skal koma fram að stjórnarfundir skulu haldnir reglulega. Í starfsreglum stjórnar skal nánar kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Stjórn Takts ræður forstöðumann og ákveður starfskjör hans. Forstöðumaður hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri Takts og kemur fram fyrir hönd Takts í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann hefur umsjón með reikningshaldi og annast ráðningu starfslíðs. Forstöðumaður situr stjórnarfundum nema stjórnin ákveði annað. Forstöðumanni ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska eftir og veita ber samkvæmt lögum og kröfum Sjúkratrygginga Íslands og Landlæknis.

10. gr.

Stjórn Takts skal velja löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélag) til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

Stjórn Takts ákvarðar um fyrirkomulag bókhalds og meðferð á fjárreiðum.

Reikningsárið:

11. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31. desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 31. mars ár hvert.

12. gr.

Taktur er óhagnaðardrífur starfsemi. Rekstrarafgangi sem verður af starfsemi Takts skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykktu þessara. Þó er stjórn hans heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur Takts.

Hugsanlegt tap af starfseminni verður greitt úr sjóðum Takts eða fært á næsta reikningsár.

Breyting samþykta, slit og sameining:

13. gr.

Heimilt er að breyta samþykktum Takts og þarf til þess samþykki meirihluta stjórnarmanna Takts á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki fulltrúa Parkinsonsamtakanna.

14. gr.

Með tillögum um slit og skipti á Takti skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til Parkinsonsamtakanna.

15. gr.

Þar sem ákvæði samþykta þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykkt á fundi Takts, endurhæfing Parkinsonsamtakanna í Hafnarfirði þann 21. mars 2023.

Undirskriftir stjórnarmanna Parkinsonsamtakanna:
